

Mætt voru Jóngeir, Siggí, Maggi, Elín, Pier og Sigga

Allt að verða klárt fyrir Vorhátíðina sem verður haldin með pomp og prakt á morgun, mánudaginn 8. júní kl.16:00.

- # Maggi sótti bátana föstudaginn 5. júní sl. (einnig notaðir á bryggjudaginn þannig að kostnaðurinn deilist á for.fél og aðstandendur bryggjudagsins).
- # Siggí nánast búinn að græja hljóðkerfið, verður klárt á morgun.
- # Maggi fékk gefins mikið magn af sleikjóum frá Innnes.
- # Maggi fékk einnig gefins frá Vífilfell: DVD-myndir, fótbolta-mörk og skvísu-brúsa til að nota sem verðlaun.
- # 600 pylsur með öllu klárt (tómatsósa-sinnep-remólaði-steiktur laukur)
- # Maggi nálgast pylsubrauðin á morgun.
- # 150 kaffimál klár. Kaffi fáum við hjá skólanum.
- # Fáum ruslatunnur hjá skólanum.
- # 384 svalar klárir.
- # Löggan kemur á svæðið kl.16:00.
- # Siggí talar við Andra/Sverri í fyrramálið varðandi keilur til að loka af svæðið, einnig að athuga með það sem vantaði frá því í fyrra þ.e. grjónapokar, veiðistangir og músaskott.
- # Björgunarsveitin Skyggfir verður með fjórhjólin á ferðinni.
- # Björgunarsveitin aðstoðar okkur einnig með bátana á tjörninni.
- # Spjöldin frá því í fyrra fengu smá hressingu fyrir morgundaginn.
  - # Spjald með einu stóru gati til að sparka bolta í gegnum.
  - # Spjald með nokkrum götum til að hitta grjóna/sand-pokum í gegnum.
  - # Spjald með krókum: blöðrur hengdar á og sprengdar með pílum.
  - # Spjald með mynd af 2 músum (bundið fyrir augun og setja skott á réttan stað).

Pier og Elín komu með fleiri hugmyndir t.d.

- # Bönd bundin hlið við hlið ca:3 m.löng, strekkt á bandinu, bolti settur ofaná böndin, fata sett undir og á að reyna að hitta boltanum ofaní fötuna.
- # Ganga stutta þrautabraut með skeið í munninum og kartöflu í skeiðinni.
- # Hitta glerkúlum ofaní skál/ílát í hæfilegri fjarlægð.

Fundi slitið rúmlega 21:00